



Gleðilegt sumar

12

Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands naut veðurblíðunnar ásamt fjölda fólks, sem lagði leið sína í Garðyrkju-skólann á Reykjum, á sumardaginn fyrsta, sem stóð sannarlega undir nafni í ár. Tveggja stafa tölur birtust glæðlega á veðurkortum og langþráð sólin vermdi loftið eftir kaldasta vetur í aldarfjórðung, með meðalhita á landsvisu -0,2 stig, sem er -1,2 stigum undir meðallagi síðustu 10 ára skv. heimildum frá Veðurstofu Íslands. Sumarlegar ljósmyndir frá hátíðahöldum í Garðyrkju-skólanum má sjá á bls. 12. Mynd: Dagskráin/BRV

Fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Borg

Þann 26. apríl var tekin fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Borg. Það er fyrirtækið Fossvélar ehf sem er framkvæmdaaðili í jarðvinnuhluta framkvæmdarinnar. Opnuð voru tilboð í bygginguna sjálfa fyrir í sömu viku og bárust alls fimm tilboð í þá framkvæmd, reiknar sveitarfélagið með að ganga að einu þeirra á fyrsta fundi sveitarstjórnar í maí-mánuði.

Sveitarstjórn er mjög spennt fyrir þessu verkefni og mikil ánægja er með að framkvæmdin sé hafin en áætluð verklok við bygginguna eru í ágúst 2025.

Í byggingunni er gert ráð fyrir skrifstofuhúsnæði á efri hæð og góðri aðstöðu til líkamsræktar og aðstöðu fyrir sjúkrahjálfa á neðri hæð. Viðbyggingin tengist við austurgafli íþróttamiðstöðvarinnar



Ása V. Árnadóttir oddviti og Iða Marsibíl Jónsdóttir sveitarstjóri.

og verður á tveimur hæðum með heildarflatarmál um 670 m². Líkamsrækt og sjúkrahjálfun ásamt stoðrymum verða á 1. hæð en á 2. hæð verða skrifstofur og stoðrymi.

Þetta er langþráð verkefni og bindur sveitarfélagið vonir við að þetta muni verða lyftistöng í þjónustu fyrir bæði íbúa og gesti sveitarfélagsins.



Breyttur útgáfudagur í næstu viku

Uppstigningardagur er fimmtudaginn 9. maí og eru því skil á efni degi fyrir en vanalega. Skil á efni og auglýsingum er fyrir hádegi mánudaginn 6. apríl.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)



Nýjar fréttir á hverjum degi!



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Til sölu 68,5 fm iðnaðarbil til afhendingar strax, að Breiðumýri 3, Selfossi

Allar nánari upplýsingar veitir
Loftur Erlingsson, löggitur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is




Guðbjörg er nýr framkvæmdastjóri Set ehf.

Fjölskyldufyrirtækið Set ehf. á Selfossi, sem sérhæfir sig í fjölbreyttri starfsemi á lagna sviði, hefur verið sett í sölufarli, eins og fram kom í frétt sem birtist í Dagskránni í febrúar. Fyrirtækið velti um 5 milljörðum króna í fyrra en samanlög velta félagsins með framleiðslufyrirtækinu Set Pipes GmbH í Þýskalandi og söluskrifstofu Set Pipes AS í Danmörku var 7,5 milljarðar. Umfangsmikil og fjölbreytt starfsemi á lagna sviði er megin starfsemi Set ehf.

„Eftir áratuga farsælt starf hjá fyrirtækinu hefur Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri ákveðið að stíga til hliðar og einbeita sér að sölufarli fyrirtækisins. Undir forystu Bergsteins hefur velta fyrirtækisins aukist og fyrirtækið fest sig í sessi sem leiðandi aðili í framleiðslu og sölu á lagnaefni á Íslandi, en félagið starfrækir einnig framleiðslufyrirtæki í Þýskalandi og söluskrifstofu í Danmörku,“ segir í tilkynningu frá Set ehf.

Stjórn Set ehf. hefur ráðið Guðbjörgu Sænni Friðriksdóttur sem nýjan framkvæmdastjóra Set ehf. Guðbjörg Sæunn hefur viðamikla reynslu úr atvinnulífinu, síðast sem forstjóri Einingaverksmiðjunar. Guðbjörg Sæunn mun hefja störf í sumar.

„Mikil vaxtartækifæri“

„Ég hlakka til að taka við framkvæmdastjórnarstarfinu hjá Set af Bergsteini eftir farsæla stjórnartíð hans, þar sem fyrirtækið hefur stækkað og styrkst ár eftir ár. Fyrirtækið er mikilvægt í innviðum Íslands og hefur mikil vaxtartækifæri,“ segir Guðbjörg Sæunn.

Guðbjörg er menntaður iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands en Bergsteinn mun verða henni til ráðgjafar, eftir því sem óskað verður eftir, og mun stýra Set Pipes GmbH í Þýskalandi fram yfir sölufarli félagsins ytra.

„Að baki er langur tími uppbyggingar og það hefur verið gefandi og mitt helsta áhugamál að leiða fyrirtækið alla starfs-



Guðbjörg Sæunn Friðriksdóttir, nýr framkvæmdastjóri Set ehf.

ævina. Nú er komið að tímamótum, fjölskyldufyrirtækið komið í sölufarli og því réttur tími til að skipta um forystu í brúnni,“ segir Bergsteinn sem mun láta af störfum í sumar.

Hrossin öfluðu 400.000 króna til styrktar Krabbameinsfélagi Árnassýslu

Síðasta vetrardag, 24. Apríl, var haldin Hrossaveisla og skemmtikvöld í Hvítahúsinu á Selfossi. Kiwanisklúbburinn Búrfell í samvinnu við Hvítahúsið stóðu að samkomunni. Þessum aðilum er það mikil ánægja að styðja við öflugt starf Krabbameinsfélags Árnassýslu sem er í mikilli uppbyggingu og var allur ágóði af kvöldinu, 400.000, afhentur Krabbameinsfélaginu sl. mánudag.

Á samkomunni komu fram Guðni Ágústsson og Ásmundur Friðriksson sem fóru á kostum. Klara Ósk Sigurðardóttir, söngkona og Gretar Lárusson, trúþador. Öll sem komu að Hrossaveislunni gáfu vinnu sína og eru þeim færðar bestu þakkir. Kiwanisklúbburinn Búrfell og Hvítahúsið þakka öllum sem komu að samkomunni og ekki síst góðum fyrir þátttökuna.



Við afhendingu styrksins. F.v: Jón Ólafur Vilhjálmsson og Diðrik Haraldsson frá Kiwanisklúbbnum Búrfelli, Einar Björnsson frá Hvítahúsinu og Svanhildur Ólafsdóttir og Erla Sigurjónsdóttir frá Krabbameinsfélagi Árnassýslu.

Vor í Skálholti – Menning á miðvikudögum í maí

Verið velkomin í fræðslu- og menningargöngur í Skálholti á miðvikudögum í maí. Aðgangur ókeypis og öll hjartanlega velkomin.

Laugardagur 4. maí kl 9:30 að morgni

Fuglar í landi Skálholts - Fræðslu og söguganga um Skálholtstungu

Tómas Grétar Gunnarson fuglafræðingur leiðir gönguna og fræðir gesti um fuglalíf í Skálholti. Gengið er um Skálholtstungu og fuglalífið skoðað. Kristján Björnsson Vígslubisk-

up verður með í för og fræðir gesti um sögu Skálholtsstaðar. Gangan tekur um 1,5 – 2 klst og er öll á jafnsléttu. Gangan hefst við Skálholtsbúðir og gengið

verður niður Skálholtstungu. Mæting í Skálholtsbúðum.

Nánari dagskrá má finna á www.skalholti.is



Brosið með besta verðinu okkar



Ódýrt

Ódýrt merki Krónunnar hjálpar viðskiptavinum okkar að taka upplýstari kaupákvörðun við matarinnkaupin. Við bjóðum upp á breitt vöruúrval, en með því að lyfta upp ódýrari valkostum og gera þá sýnilegri með Ódýrt merkinu geta viðskiptavinir verið vissir um að sú vara sé ódýrust í sínum vöruflokki og samanburðarhæf við vörur í öðrum verslunum á markaðnum.

KRÓNAN

Þjónusta þjóðkirkju við landsbyggðina

Eitt aðaleinkenni þjóðkirkjunnar, kirkju þjóðarinnar er hún að hún hefur þá grunnskyldu að veita kirkjulega þjónustu um allt land. Henni ber að þjóna fólki í sveit og borg, í þorpum og bæjum, þeim sem búa afskekkt og þeim sem búa þétt. Þetta er ekki einfalt hlutverk því þegar upp er staðið er það fjárhagurinn sem stýrir því hversu breið og öflug sú þjónusta er. Sóknargjöldin sem ríkið innheimtir fyrir þjóðkirkjuna hafa verið skert af hálfu ríkisins frá því í hruninu og jafnvel eitt-hvað fyrr. Þetta hefur gert það að verkum að erfiðara er að halda úti þjónustu safnaða og halda við kirkjubyggingum sem margar hverjar eru menningarleg þjóðarverðmæti. Þá hefur vígð þjónusta verið skert þar sem kirkjan hefur þurft að fara í sparnaðaraðgerðir auk þess sem fólksflutningar hafa orðið á ákveðnum svæðum.

Staða safnaðanna í landinu er afar mismunandi og hinir vígðu þjónar, prestar og djáknar búa við ólíkar aðstæður að mörgu leyti. Prestar sem þjóna á landsvæðum þar sem þarf að aka um, fjallvegi til þess að annast guðsþjónustu, sálgæslu, safnaðarstarf eða kirkjulega athöfn búa við erfiðari aðstæður en prestar sem vart þurfa að fara úr húsi til þess að annast allt sitt starf. Á nokkrum stöðum eru vegalengdir slíkar innan prestakalls að ein skírn getur tekið allt að fjórar klukkustundir þegar akstur er tekinn með. Kirkja sem býður upp á þjónustu á svo ólíkum stöðum getur ekki boðið upp á samskonar þjónustu alls staðar en hún verður að huga að því að allir þjónar kirkjunnar búi við kjör sem gera það eftirsóknarvert að vilja starfa í Þjóðkirkjunni hvar sem er á landinu.

Vígð þjónusta á landsbyggðinni þarf að vera jafn aðlaðandi og samskonar þjónusta á höfuðborgarsvæðinu sem þýðir að kirkjan þarf að fara að huga að því að skoða kjaramál presta eftir því í hvaða landslutum þeir þjóna. Á ákveðnum stöðum á landinu hefur þjónustuskerðing orðið með þeim hætti að prestarnir eru sífelld að troða marvaðann eingöngu til þess að svara lágmarkskalli sóknarbarna. Þessir sömu prestar eiga erfitt með að taka fullt sumarleyfi, hvað þá samfellt. Við þurfum aðeins að líta



til landanna í kringum okkur s.s. til Svíþjóðar eða Noregs til þess að skoða hvaða leiðir kirkjurnar þar hafa farið í þessum málum. Í þessum löndum hefur verið komið til móts við vígða þjóna á afskekktari stöðum með ýmsum hætti s.s. með auknum leyfum og afleysingu. Þá verður kirkjan að endurskoða þjónustu sína reglulega um allt land til þess að koma til móts við þjónustubörf og aðstæður síns starfsfólks. Þetta eru leiðir sem ég tel að við verðum að skoða alvarlega því ég vil leiða kirkju þar sem metur allt sitt starfsfólk að verðleikum og hlúir að því.

Þá þarf kirkjan að sækja það fast að ríkið skili sóknargjöldunum til safnaðanna og festa þau í sessi svo að við getum farið að þjóna Guði og fólki eins og við erum kölluð til á landinu öllu. Þá er hægt að fara fleiri leiðir til þess að hjálpa litlum sóknum sérstaklega og þar má m.a. nefna þann möguleika að skrá söfnuðinn á almannaheillaskrá og gefa þannig fólki kost á að styrkja kirkjuna sína og fá það að hluta til baka sem lækkun á skattstofni. Sjálfsagt er að skoða

hvort fólk geti valið að ská sig sérstaklega í allra minnstu sóknirnar og þannig látið sóknargjöldin sín renna þangað. Þá er ekki síður mikilvægt að reyna að fjölga meðlimum í Þjóðkirkjunni og með sérstöku þjóðkirkjuátaki. Einn liður í því er að reyna að koma því um kring að skírinn verði sjálfkrafa skráning í Þjóðkirkjuna. Mikilvægast af öllum er þó að kirkjan haldi áfram að gera sig gildandi sem öflug fjöldahreyfing sem býr yfir ótrúlega miklum mannauði og hæfileikum, en ekki síður erindi sem við hér inni vitum öll að skiptir öllu lífsins máli, það er fagnadareindin sjálf.

Kirkja í sókn tekur hlutverk sitt alvarlega, er fagleg í þjónustu sinni jafnt í söfnuðum sem og í sérþjónustu og hlúir vel að öllum sínum þjónum, starfsfólki og sóknarnefndarfólki. Kirkja í sókn er sýnileg því hún er stolt af erindi sínu, fagnadareindinu sjálfu. Þetta er sú kirkja sem ég mun veita forystu verði ég kjörin biskup Íslands.

Guðrún Karls Helgudóttir



Sunnlenski matgæðingurinn



Ragnheiður María Hannesdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka Elsu vinkonu fyrir að skora á mig og mun ég klárlega gera saltfisk uppskriftina sem hún var með í síðasta blaði. Ég veit fyrir víst að súkkulaðimúsinn er æði og ættu allir að prófa hana.

Sú uppskrift sem við fjölskyldan eldum oft er pestókjúlli en þar sem rétturinn var í blaðinu fyrir nokkrum vikum þá kemur hér dýrindis kjúklingsúpa. Þessi súpa er alltaf vinsæl og það besta við hana er að þetta er frekar stór uppskrift þannig það þarf ekki að elda daginn eftir ásamt því að þá er hún betri.

Kjúklingasúpa

3-4 msk. olía
1 ½ msk. karry
1 heill hvítlaukur
1 blaðlaukur
1 rauð paprika
1 græn paprika
1 lítið blómkal
1 lítið brokkolí
1 flaska Heins chillisósa
1,5 ltr. kjúklinga – eða grænmetissoð
400 g rjómaostur
1 peli rjómi
4 stk. kjúklingabringur
Salt og pipar

Grænmetið skorið og steikt ásamt karrynu. Chillisósa og soð sett í pottinn ásamt rjómaosti og rjóma. Hrært vel í á meðan suðan kemur upp. Bringurnar kryddaðar og steiktar, skornar í bita og settar út í súpuna rétt áður en hún er borin fram. Með súpunni er síðan nauðsynlegt að mylja doritas snakk og setja ofan í súpuna.

Kladdakaka

100 g smjör
2 egg
3 dl sykur

Ég ætla að skora á vinkonu mína og besta vinnufélaga Rakel Guðmundsdóttur að töfra eitthvað gómsætt fram.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



1 ½ dl hveiti
5 msk kakó
2 tsk. vanillusykur
Hnífsoddu salt

Bræðið smjör. Restin af hráefninu sett í skál og smjörinu bætt út í. Hrærið þar til deigið hefur blandast vel saman. Bak-ið í smurðu lausbotna formi (22 – 24 cm) við 180 gráður í 20 mín. Látið kökuna kólna í ca. 10 mín.

Karmellukrem

2 dl rjómi
1 dl sykur
1 dl síróp
100 g suðusúkkulaði
100 g smjör

Öll hráefnin, fyrir utan smjör-ið, sett í pott. Hrærið í blöndunni þar til suðan kemur upp. Blandan er látin malla þar til hún þykkar, það tekur ca. 10 mín og það er gott að hræra aðeins í á meðan. Því næst er potturinn tekinn af hellunni og smjörinu bætt út í. Hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Látið kremið standa um stund þar til það verður þykkara. Að lokum þá hellið þið kreminu yfir kökuna og látið kólna í ísskáp í ca. 2-3 tíma. Mér finnst best að bera kökuna fram með vanilluís, þeyttum rjóma og jarðarberjum. Krem-ið dugar á tvær kökur.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÖLAR

Ég skal birtu bera þér, (sögn) við botn hún er í köldum mar. Daginn farið aðeins er, (sögn) í Undralandi daman var.

Svar við gátu í blaði 2748: **SKAFL**

Svar við gátu í blaði 2749: **STÉL**

1. Kjölföt, jakkinn er með stél - 2. Hanastél/kokteill



Prentmet Oddi ehf. | Eyraveggi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



SUMARIÐ ER KOMIÐ

Grillveislan heppnast fullkomlega með Napoleon grilli



**SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU
SUMARBLAÐIÐ**
á www.byko.is/sumarbladid



NÝR AFGREIÐSLUTÍMI Í SUMAR

VIRKA DAGA

8-18

LAUGARDAGA

9-15

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndabrengl.



Leikskólinn
Heklukot



Erstu þú jákvæður með gott skopskyn og finnst frábært að læra eitthvað nýtt? Erstu til í að koma til okkar og kenna stærðfræði, íslenskt mál, sköpun í allri sinni dýrð, vísindi, íþróttir og útivist? Erstu til í að takast á við áskoranir í lífinu?

Við erum að auglýsa eftir kennurum til starfa við leikskólann Heklukot á Hellu í Rangárbíngi ytra.

Við vinnum eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og erum grænánaskóli. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að stafa með börnum, sýna ábyrgð í starfi, stundvísi og vera sveigjanleg/ur.

Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara, ef ekki þá ráðum við leiðbeinendur af öllum kynjum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði í ræðu og riti
- Hreint sakavottorð
- Umsóknarfrestur er til 31. maí og mun vinnan hefjast 8. ágúst. n.k
- Ef þú hefur áhuga sendu póst á inga@heklukot.is.



Firmakeppni
Sleipnis

verður laugardaginn
4. maí

Keppnin hefst kl. 13 með hefðbundinni dagskrá.

Dagskráin verður sem hér segir:

1. 250m stökk
2. Barnaflokkur
3. Unghrossaflokkur
4. Unglingaflokkur
5. Ungmennaflokkur
6. Áhugamannaflokkur
7. Opinn flokkur
8. Pollaflokkur

Pollaflokkur verður inni í reiðhöll er dagskrá á velli lýkur sem og kaffiveitingar.

Hvetjum félagsmenn til að mæta

Skráning hefst 28. apríl fer fram á Sport Feng, www.sportfengur.com og lýkur 3. maí á miðnætti.

Firmakeppnisnefnd Sleipnis

Bækur eru hugarspuni um fegurð hins smáa og fögnuð lífsins

segir lestrarhesturinn Ásta Sverrisdóttir

Ásta Sverrisdóttir er uppalin Á Ljótarstöðum í Skaftártungu og var síðan bóndi í Ytri Ásum í sömu sveit í þrjátíu og þrjú ár. Síðastliðin tíu ár hefur hún búið á Selfossi og er verkamaður í Mjólkursamsölunni. Hún á þrjá syni og sjö barnabörn.

Hvaða bók/bækur ertu að lesa núna?

Ég er að lesa nokkrar bækur sem liggja í hrúgum á náttborðinu og víðar þar sem ég get gripið til þeirra. Ef ég get sest ég út í sólskinid og vel þá gjarnan ljóðabók til lestrar. Síðast las ég bók eftir Þorstein Jóhannsson kennara og skólastjóra í Öræfasveit sem heitir Undir breðans fjöllum. Málfríð og skáldataktarnir eru svo frjóir og bókin svo aðdúunarverð. Þá áskotnaðist mér líka ljóðabók eftir Guðmund Friðjónsson á Sandi. Hún heitir Úr heimahögum og gefin út árið 1902. Hún er merkt á saurblaði með nafni Friðfríðar Símonardóttur sem var eini afkomandi Símonar Dalaskálds. Og svo hef ég verið að lesa Ferðasögu Vigfúsar Grænlandsfara þar sem hann segir frá leiðangri sínum með kapteini J.P. Koch. Draumaráðningabók og dagbækur frá fyrri árum eru líka í hrúgunum.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ég er næstum því alæta á bækur. Undanskil aðeins spennusögur en upp úr þeim er ég löngu vaxin, og ævisögur stjórnmálanna og sögur af stríðsrekstri eru með því lesefni sem ég nýti varla í neyð. En aðrar svaðilfarir og sigrar og ósigrar venjulegs fólks vekja áhuga minn. Sagnþættir, annálar sendibréf, dagbækur venjulegs fólks. Jarðfræði, veðurfræði og skýrslur um uppgröft og formminjar. Það er sko matur að mínu mati.

Erstu alin upp við bóklestur?

Ég man ekki eftir mér fyrir en ég gat lesið. Það var lesið fyrir okkur systur á kvöldin en þær bækur var ég búin að lesa sjálf

áður og ég naut þess bara betur þegar mamma las þær upphátt. Það var líka alltaf hlustað á útvarpsþögnuna á kvöldin. Dularfullu bækurnar eftir Enid Blyton, Frank og Jói, Tom Swift, Sagan hans Hjalti litla, sögurnar um Öddu og Múmínálfarnir segja allar frá hetjum og fyrirmyndum mínum fyrir skólaaldur. Og svo lærðum við utan að ljóðin hans Davíðs Stefánssonar og Hundrað hestavísur. Svo held ég að ég hafi bara lesið það sem var til á heimilinu og seinna allt bókasafnið í Kirkjubæjarskóla.

Einhver uppáhaldsverk?

Krístún frá Hamravík eftir Guðmund G. Hagalín er eftirminnilegt verk og skáldverk Guðrúnar frá Lundi slóu í gegn á bæjunum. Góði dátinn Sveik, Jakob ærlegur, ýmsar Vesturfarsögur, Eiríkur Hansson eftir Jóhann Magnús Bjarnason og um fermingaraldurinn las ég líka spennusögur eftir Sven Hazel og Alistair MacLean. Það eru einu bækurnar sem ég hef alveg misst áhugann í dag. Rauðu ástarsögurnar voru líka spennandi þá en hafa þokað fyrir íslenskum fróðleik í seinni tíð. Bókaröðin sem kallaðist Lönd og lýðir er eftirminnilegur lestur frá barnaskólaárunum.

En áttu þér uppáhaldshöfundur?

Já ég á marga uppáhaldshöfundur. Nú um stundir er Guðmundur Böðvarsson mitt uppáhalds ljóðskáld. Ég ætla að láta lesa ljóð eftir hann yfir mér látinni. Það heitir Gamall sálmur um sólina. En af nútímaljóðskáldum eru Krístín Jónsdóttir á Hlíð og Gunnar Straumland fremst meðal jafningja. Af núlifandi höfundum eru það Steinunn Sigurðardóttir og Krístín Marja Baldursdóttir sem eru uppáhaldshöfundar mínir þessa dagana. Annars eru þeir endalaust margir. Við Íslendingar erum svo rík af skáldum eins og svo mörgu öðru.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég tek öðru hverju fram ljóða-



bækurnar mínar sem ég kann sumar hverjar næstum því utan að og les þær spjaldanna á milli. Það nærir sálina einhvern veginn meira en að lesa nýtt. En svo fletti ég upp í Sunnlenskum byggðum, Vestur - Skaftfell-ingum og Göngum og réttum. Er mjög fljót að finna það sem ég leita að og les þá oft lengi í þeim bókum. Síðan rifja ég kannski upp hvaða bækur ég sá auglýstar fyrir síðust eða þar síðustu jól en gleymdi alveg að lesa. Fer þá á safnið og les þær. Svo er líka gott að horfa reglulega yfir bókahillurnar sínar og lesa á kilina. Þar ríkir skipulagt kaos ef svo mætti segja og inn á milli leynist margur gullmoli til að gæða sér á.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já það hefur nú oft gerst. En er sjaldgæfara í seinni tíð. Ég viðurkenni það. Sumar bækur hafa þau áhrif á mann að maður verður einhvern veginn ekki samur á eftir. Það er ein mín mesta gæfa að geta hrifist svo af orðsins list.

Hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Mér hefur dottið í hug þegar ég gerist öldruð að fara á ritlistarnámskeið, safna heimildum og skrifa sögur byggðar á lífi og örlagaflækjum fólks sem var uppi fyrir svona einni öld. En ég myndi sennilega frekar skrifa litlar væmnar ljóðabækur með fallegum blóma - og fuglamyndum. Svona hugarspuna um fegurð hins smáa og fögnuð lífsins.

Tillögur að áhugaverðum lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com



Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

Styrkurinn stökkpallur

Myndlistarfélag Árnessýslu (MFÁ) hefur verið áberandi í menningarlífi á Suðurlandi síðast liðna fjóra mánuði enda 40 viðburðir að baki á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru af árinu. Hugmyndin að verkefninu „Myndlist 40-4“ kviknaði hjá nýskipaðri stjórn á síðasta ári en henni langaði að stuðla að meiri virkni í félagsstarfinu, vera sýnilegri almenningi og taka virkari þátt

í menningarlífi á svæðinu. Til þess að þetta væri gerlegt félagsamtökum með litla veltu þá lá beinast við að sækja um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands og því sett fram stórtæk hugmynd og henni hrint í framkvæmd þegar ljóst varð að styrkurinn hefði fengist.

Nægt fjármagn má sín þó lítils ef ekki er fólk til að framkvæma gjörninginn og eins er nauðsynlegt að hafa aðstöðu til

að græja og gera. Sveitarfélagið Árborg stendur rausnarlega við bakið á MFÁ og lánar félaginu aðstöðu í Sandvíkursetri þar sem það er með vinnustofur og gallerí. Í staðin tekur félagið virkan þátt í menningarviðburðum sem sveitarfélagið stendur fyrir. Án þessarar aðstöðu væri ekki gerlegt að standa fyrir viðburðum og svoríkulegu menningarstarfi sem félagið hefur sýnt og víst að

það gæti gert enn betur ef fleiri sveitarfélög í sýslunni myndu bjóða upp á aðstöðu líka.

Sandvíkursetur var notað til hins ýtrasta en þar voru „opnar vinnustofur“ tvisvar í viku alla fjóra mánuðina, eitt „örnámsskeið“ í hverjum mánuði og ein af fimm myndlistarsýningum viðburðaraðarinnar var haldin þar. Hinar fjórar myndlistarsýningarnar voru settar upp á veitingastaðnum Mika í Reykholti, heitu pottunum í Sundhöll Selfoss, Skyrgerðinni í Hveragerði og endað á úti myndlistarsýningu í Tryggvagarði á Selfossi í blíðskaparveðri á Sumardaginn fyrsta. Allt voru þetta gjaldfrjálsir viðburðir og nýtt fjöldi fólks sér tækifærið og

blandaði geði við listagyðjuna. Útisýningin, ásamt opnu húsi hjá félaginu og listasmíðju fyrir börnin, var lokapunktur Myndlistar 40-4 og sýndi fjöldi gesta og gleði þeirra hversu miklu virkt félagsstarf getur skilað til samfélagsins.

Félagar í stjórn og sýningarnefnd MFÁ eru glöð, stolt og þreytt að þessari törn lokinni en nú þegar eru kviknaðar hugmyndir að áframhaldandi ríkulegu félagsstarfi á komandi vetri og aðeins spurning hvort fleiri sveitarfélög stökkvi á vagninn og fái í kaupbæti ríkulega viðbót við sitt menningarstarf!

Stjórn og sýningarnefnd MFÁ



Sjálfsmildi, meðferðar- og ráðgjafastofa

Nýverið opnuðu hjúkrunar- og fjölskyldufræðingarnir Jónína Lóa Kristjánsdóttir og Ragnheiður Kristín Björnsdóttir meðferðar- og ráðgjafastofuna Sjálfsmildi. Aður störfuðu þær hjá Lausninni, fjölskyldu- og

áfallamiðstöð. Þjónustan Sjálfsmildi.is er ætluð fjölskyldum, þörum og einstaklingum sem eiga í samskipta- og tengslavanda, eiga í erfiðleikum með uppeldi barna og unglunga, búa við andleg eða líkamleg veikindi. Fyrir þau sem eru að takast á við sorg, hafa lent í áföllum eða búa við breytta fjölskylduhagi. Einnig bjóða þær upp á meðferðardáleiðslu.

Nánari upplýsingar og bókunarleiðbeiningar er að finna á heimasíðunni, Sjálfsmildi.is. Sjálfsmildi er staðsett á 1. hæð í húsnæði Fjölheima- Fræðslu- og Suðurlands, Tryggvagötu 13, Selfossi.



Íþróttamiðstöðin Borg



Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní til 18. ágúst. (lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgangi og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpi og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.
- Vaktavinna 2-3-2: unnið í 15 daga – frí í 15 daga

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi og samvirkusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálpi og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum

Upplýsingarfastá hansi@gogg.is eða í síma 867-9792

Sports Center Borg

We are looking for service-minded people for summer job from June 1st to August 18th. (minimum age is 18 years.)

RESPONSIBILITIES AND TASKS

- Lifeguarding at the swimming pool, customer service, monitoring the bathrooms, gym and fitness room.
- General cleaning of the facilities.
- The applicant will attend a first aid course and must pass the lifeguard swim test.
- Full time shift work 2-3-2: work for 15 days per month – 15 days off

QUALIFICATIONS

- Minimum age of 18 years.
- Customer service skills and interpersonal skills.
- Punctuality and diligence.
- Completion of the first aid course and lifeguard swim test according to the Swimming Pools and Bathing Areas Hygiene Regulations

Information is available by e-mail at hansi@gogg.is or by phone at 867-9792

Dansakademían í fyrsta sinn á



Stóra sviði Borgarleikhússins



Til hamingju með daginn okkar 1. maí, alþjóðlegan baráttudag launafólks

Þegar kemur að 1. maí kemur upp í hugann hverjar eru helstu félagslegu áskoranir sem launafólk stendur frammi fyrir. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina barist fyrir velferð félagsmanna og er það stöðug og lifandi barátta. Við þurfum alltaf að huga að afkomu okkar fólks og var markmið kjarasamninga sem gerðir voru á almennum markaði að ná hér niður verðbólgu og vöxtum, endurreisa tilfærslukerfi heimila og vinnandi fólks. Á móti verða vægast sagt mjög hóflegar launahækkunar. Það er alltaf á ábyrgð launafólks að ná hér niður verðbólgu þó það séu ýmis önnur áhrif sem hefur áhrif á verðbólgu og hefur ekkert með launafólk að gera. Þetta er gömul saga og ný en vonandi gengur þetta eftir og í framhald komi stöðugleiki sem kemur öllum til góða.

Launamunur kynjanna er og hefur verið áskorun sem við öll þekkjum og virðist vera ákveðin hefð fyrir því og fast í okkar menningu því miður. Í starfsgreinum þar sem konur eru í meirihluta eins heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og mennta- greinum eru laun almennt lægri samanborið við starfsgreinar þar sem karlar eru í meirihluta.

Vorið 2020 í tengslum við kjarasamninga aðildarféлага BSRB, ríkis og sveitarféлага lýsti ríkisstjórnin því yfir sett yrði af stað vinna til þess að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði og að leiðrétta þyrfti kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta.

Í september 2021 skipaði Katrín Jakobsdóttir (þá forsætisráðherra) aðgerðarhóp með öllum aðilum vinnumarkaðarins um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði. Markmiðið var að koma á fót þróunarverkefni um virðismat starfa til að greina hvaða þættir það eru sem einkenna kvennastörf og eru vanmetnir. Að útrýma launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum. Hópurinn hefur skilað af sér og fyrir liggur upplagg að virðismatskerfi í þágu launajafnréttis unnið af Jafnlaunastofu. (Fyrir vef: https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnretti/Jafnretti/VIRDISMATSKERFI_LOK_24.01.pdf Við gerð kjarasamninga 2024 var hluti af aðgerðum/

loforðum stjórnvalda að unnið verði að virðismatskerfi sem byggir á tillögum aðgerðarhóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði. Gert verði ráð fyrir að innleiðing taki allt að þrjú ár og nýtt kerfi liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2026. Minnsti launamunur hjá okkar fólki eins og staðan er núna er hjá starfsmönnum sveitarfélaganna þar sem notað er starfsmatskerfi. Þar er samt launamunur og við viljum útrýma launamun almennt. Við höfum verk að vinna, tökum höndum saman og hættem ekki fyrir en launamun kynjanna verður útrýmt. Við erum bjartsýn á að ný ríkisstjórn sýni þessu verkefni jafnmikla alúð og fráfarandi forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir hefur gert.

Nýr veruleiki hér hjá okkur er mansal sem virðist vera að ryðja sér til rúms í okkar samfélagi. Mansal er þegar einstaklingur misnotar eða hagnýtir aðra manneskju á einhvern hátt til að græða peninga eða fá önnur hlunnindi. Þetta er ein alvarlegasta birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Stéttarfélagin eru að sjá ýmis konar sviðsmyndir, launafólk fær ekki ráðningarsamninga, vinnur 220 klukkustundir eða

meira og fær greidd dagvinnulaun. Vinnutíminn er 7 daga vikunnar og aldrei frí. Launafólk sem leigir húsnæði af atvinnurekanda greiðir himinháa leigu og ef ráðningarsamband rofnar þá er fólk sett út á götu. Þetta er ekki algilt svo það sé sagt þá eru flestir atvinnurekendur mjög til sóma en við erum að sjá fleiri og fleiri dæmi um alvarleg brot á vinnumarkaði. Það sem kemur á óvart í þessu er þegar aðilar eru að útvista og, eru að ráða verktafka og kynna sér ekki hvernig málum er háttað varandi starfmannahald. Hvort sem það er á almennum markaði, ríki eða sveitarfélög er bara verið að hugsa um rekstrarlega hlið ekki mannlega. Þegar vísbendingar verða um mansal verða stéttarfélagin vægast sagt vanmáttug og eru úrræðin mjög veik. Aðferðir þeirra atvinnurekenda sem stunda mansal eru þekktar. Þeir sem stunda mansal treysta á vanmátt okkar og vanþekkingu. Það er mikilvægt að þær stofnanir sem koma að þessum málaflökki byggja upp traust til fórnarlamba. Ef þú þekkir ein-kenni og aðferðir við mansal, þá eykur þú líkurnar á að uppræta það. (Fyrir vef: [https://www.112.is/ofbeldi/hvernig-a-](https://www.112.is/ofbeldi/hvernig-a)



eg-ad-%C3%BEekkja-mansal) Við berum öll ábyrgð, látum þetta ekki líðast í okkar samfélagi.

Það þarf þjóðfélagslega sátt og samstöðu þannig að allir geta lifað með reisu á mannsæmandi launum. Við þurfum að hugsa upp á nýtt og forgangsraða.

Við fögnum alþjóðlegum baráttudegi okkar í dag, hugs- um til framtíðar og sofnum ekki á verðinum.

Hvernig þjóðfélag viljum við sjá?

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir, formaður Bárunnar, stéttarfélags

FRAMHALDSPRÓFSTÓNLEIKAR

Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir lýkur framhaldsprófi í söng frá Tónlistarskóla Árnesinga með opinberum tónleikum í **Hveragerðiskirkju, 8. maí kl. 18:00**



Við hvetjum Sunnlendinga til að nýta sér þetta góða tækifæri til að hlýða á glæsilega tónleika, enda liggur mikil vinna að baki þegar kemur að útskrift frá skólanum.

Meðleikur: Ester Ólafsdóttir píanó og orgel, Laufey Dóra Friðbjarnardóttir söngur og sönghópur.

Á dagskrá eru fjölbreytt verk eftir íslensk og erlend tónskáld og textahöfunda. Kennari Sigurrósar Lilju er Margrét S. Stefánsdóttir.

Aðgangur að tónleikum er ókeypis - Verið öll hjartanlega velkomin!



Verðlaun fyrir Sprota ársins og framlag til ferðapjónustu 2024

Markaðsstofa Suðurlands hefur veitt fyrirtækjum og einstaklingum viðurkenningar fyrir vel unnin störf í ferðapjónustu á Suðurlandi árlega allt frá árinu 2014.

Annars vegar veitir Markaðsstofan viðurkenningu fyrir Sprota ársins, sem er veitt fyrir árangursríka og lofandi nýsköpun í ferðapjónustu, og hins vegar fyrir framlag til ferðapjónustu sem veitt er fyrir ótult starf til margra ára í þágu ferðapjónustu á Suðurlandi.

Styður við þróun Selfoss sem áfangastaðar ferðamanna

Viðurkenninguna Sproti ársins 2024 hlaut Sviðið á Selfossi. Sviðið hlaut viðurkenninguna fyrir að auðga menningarlíf á Suðurlandi fyrir íbúa jafnt sem gestkomandi. Sviðinu hefur á undraskömmum tíma tekist að stimpla sig inn sem vettvangur fyrir samkomur, tónleika og fjölbreyttar sýningar með metnaðarfullum viðburðum allt árið um kring. Með viðburðum skapast aukin eftirspurn eftir gistingu, vöru og þjónustu í nærumhverfinu og styður Sviðið þannig við þróun Selfoss sem áfangastaðar ferðamanna. Við hlökkum til

að fylgjast með starfinu áfram næstu árin og óskum þeim góðs gengis.

Áratuga uppbygging

Viðurkenninguna Framlag til ferðapjónustu árið 2024 hlutu Elías Guðmundsson og Vilborg Smáradóttir fyrir uppbyggingu ferðapjónustu í Mýrdalshreppi síðustu áratugi. Þau hafa sýnt áráðni, elju og framsýni, skapað fjölbreytt störf og lagt sitt af

mörkum fyrir samfélagið. Frá því að þau og fleiri hófu öflugan uppbyggingu í Mýrdalnum hefur íbúafjöldi í Mýrdalshrepp margfaldast, með þeim tækifærum og áskorunum sem því fylgja. Elías rekur í dag fjölbreytta gistingu og veitingasölu, íbúðir og fleira í Vík. Markaðsstofan þakkar Elíasi og Vilborgu kærlega fyrir sitt framlag til samfélagsins og ferðapjónustu á Suðurlandi.



Ólöf Arnar Gunnlaugsdóttir, rekstrarstjóri Sviðsins og Hlynur Friðfinnsson, framkvæmdastjóri Sviðsins ásamt Ragnhildi Sveinbjarnardóttur, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands.

Tónlistarnámskeið fyrir yngstu krílin á Suðurlandi

Íbyrjun maí hefst tónlistarnámskeið á vegum Tónagulls fyrir yngstu krílin á Suðurlandi. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 0-3 ára en eldri systkini eru velkomin með. Í tímunum er lögð áhersla á samveru og gleði. Unnið er með puttaþulur, kroppaþulur, kjöltuleiki, hreyfileiki, söngdansa, barokkdans, hringdansa, eggjahristur, litríkar slæður, trommur og barnahljóðfæri. Tónagull byggir á áratuga reynslu og fjölmörgum rannsóknunum. Námskeiðið fer fram í Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi.

Hver fjölskylda greiðir aðeins eitt gjald óháð systkinafjölda og því er tilvalið að eiga gæðastund með allri fjölskyldunni á námskeiði hjá Tónagulli. Skráning og nánari upplýsingar eru á tonagull.is.



Anna Vala

Auglýsing um íbúakosningu í Sveitarfélaginu Ölfusi



Sveitarfélagið Ölfus boðar til íbúakosningar á grundvelli 107. gr. sveitarstjórnarlaga um aðal- og deiliskipulagstillögur vegna mólunarverksmiðju og hafnar í Keflavík við Þorlákshöfn.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á vefsíðu sveitarfélagsins og eru íbúar hvattir til að kynna sér þær vel.

Íbúum gefst kostur á að kjósa um tillögurnar og er greitt atkvæði um þær saman.

Svarmöguleikar eru eftirfarandi:

- Já (ég samþykki skipulagstillögurnar og þar með að fyrirtækið fái heimild til að reisa verksmiðjuna sem fjallað er um í áður auglýstum skipulagstillögum).

eða

- Nei (ég hafna skipulagstillögunum og þar með að fyrirtækinu verði ekki heimilað að reisa verksmiðjuna sem fjallað er um í áður auglýstum skipulagstillögum).

Kosið er um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir iðnaðar og hafnarsvæði vestan byggðar í Þorlákshöfn. Hámark byggingarmagns á reit 13 er aukið úr 540.000 m² í 1.040.000 m². Þá er nýju hafnarsvæði bætt við sem nefnist H4.

Einnig er kosið um tillögu að deiliskipulagi fyrir mólunarverksmiðju og höfn á Laxabraut 43A og 43B. Mólunarverksmiðjan samanstendur af fjölbreyttum byggingum með mismunandi hlutverk.

Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir hafnaraðstöðu með krana, mannvirkjum, athafnasvæðum, færriböndum og öðrum innviðum fyrir rekstur og þjónustu hafnarinnar.

Skipulögin verða til kynningar á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss fram til 1. júní 2024.

Ábendingum, athugasemdum eða spurningum má beina á skipulag@olfus.is

Framkvæmd íbúakosningarinnar

Framkvæmd íbúakosningarinnar byggir á ákvæðum reglugerðar nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga. Íbúakosningin stendur yfir í tvær vikur og hefst þann 18. maí næstkomandi og lýkur á kjördegi forsetakosninga 1. júní næstkomandi.

Þann 18. maí verður opið á skrifstofu sveitarfélagsins milli kl. 10 og 13, aðra daga er kjósendum boðið að kjósa á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins.

Á kjördegi forsetakosninga þann 1. júní næstkomandi gefst kjósendum tækifæri til að greiða atkvæði á kjörstað og er opnunartími sá hinn sami og við forsetakosningar.

Kjósendur geta óskað eftir að greiða atkvæði í póstkosningu með því að senda póst á formann kjörstjórnar Sigurð Jónsson á netfangið sigginonna@gmail.com eða á Söndru Dís Hafþórsdóttur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs á netfangið sandradis@olfus.is, nánari upplýsingar um póstkosningu má finna í 10. grein reglugerðar nr. 922/2023.

Rétt til þátttöku í íbúakosningunni hafa þeir sem mega kjósa í sveitarstjórnarkosningum, þ.e.:

a) Hver íslenskur, danskur, finnskur, sænskur eða norskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning hefst og á skráð lögheimili í því sveitarfélagi sem íbúakosning fer fram,

b) Erlendur ríkisborgari, annar en greinir í a-lið, ef hann hefur átt skráð lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir lokadag atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum a-liðar

Atkvæðagreiðslan er bindandi skv. 3. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Yfirkjörstjórn sveitarfélagsins fer með hlutverk kjörstjórnar vegna íbúakosninga.

Dáleiðsluskóli Íslands

Þann 11. maí verður kynning á dáleiðslumeðferð og dáleiðslunámi undir fyrirsögninni Íslenski dáleiðsludagurinn á 3 stöðum á landinu; Reykjavík, Selfossi og Akureyri

Aðstandendur kynningarinnar eru Dáleiðslufélagið <https://daleidslufelagid.is>, Félag Klínískra dáleiðenda <https://kvidalaus.is> og Dáleiðsluskóli Íslands <https://daleidsla.is>

Skipulagsmál í Hveragerðisbæ.



Samþykkt deiliskipulagsbreytingar ferðapjónustuvæðis við Árhólma

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 11. apríl 2024 deiliskipulagsbreytingu á ferðapjónustuvæði við Árhólma í Hveragerði dags. 9. maí 2023, síðast breytt 4. apríl 2024 eftir athugasemd Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreytingin sameinar fyrirbyggjandi deiliskipulagsáætlanir ásamt því að stækka reitinn til að ná yfir allt svæði verslunar og þjónustu, eins og það er skilgreint í aðalskipulagi.

Markmið heildardeiliskipulags Árhólma er að byggja upp heildstæða ferðapjónustu sem þjónar breiðum hópi ferða- og heimafólks og er áhugaverður áfangastaður í sjálfu sér. Skilmálar eru um að heildaryfirbragð bygginga verði í vistvænum anda og um góða aðlögun að landi, ásýnd og staðaranda. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur þegar öðlast gildi.

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi reitar AF2 og nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. apríl 2024 að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á reit AF2 í aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir afþreyingarsvæði í Kömbum ofan við Hveragerði.

Markmið skipulagsbreytingarinnar er að víkka út afþreyingarmöguleika í hlíðum Kamba með sleðabraut (e. Alpine Coaster) samsíða Zip-line. Sleðabrautin er ætluð öllum aldurshópum.

Skipulagslýsingin er aðgengileg á Skipulagsgátt, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 sem og á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með umsögn á Skipulagsgátt, málsnúmer 463/2024, í síðasta lagi 18. maí 2024.

Allar fyrirsurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Sumardagurinn fyrsti hjá Garðyrkjakólanum Reykjum





Frá vinstri Böðvar Arnarsson, Íris Ragnarsdóttir og Heiða Arnardóttir.

Íris Ragnarsdóttir Íslandsmeistari í judo 2024

Íslandsmót Judosambands Íslands fór fram 27. apríl í Laugardalshöllinni Reykjavík. Íris Ragnarsdóttir varð Íslandsmeistari í sínum þyngdarflokki og Heiða Arnardóttir í öðru sæti en þær keppa báðar fyrir Judofélag Suðurlands. Íris

keppti síðan í opnum flokki kvenna og náði þar öðru sæti. Böðvar Arnarsson náði 3. sæti í – 81 kg flokki. Böðvar keppti einnig í opnum flokki og hafði unnið þar sína fyrstu glímu við Mikael Ísaksson en varð að hætta keppni vegna meiðsla.

Sextíu þátttakendur í skólaskák

Föstudaginn 19. apríl fór fram Suðurlandsmót grunnskóla í skólaskák í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Þar tóku alls 60 nemendur úr grunnskólum Suðurlands þátt. Suðurlandsmeistararnir, Garðar, Óskar og Sæþór unnu sér inn þátttökurétt á Landsmótinu í skólaskák sem fram fer á Akureyri 4. og 5. maí. Skákstjórar á mótinu voru þeir Róbert Lagerman og Auðbergur Magnússon. Tefldar voru sex umferðir í hverjum flokki og höfðu keppendur 5 mínútna umhugsunarfrest. Efstu menn:



Frá mótstað. Mynd: Aðsend.

1.-4. bekkur

1. Garðar Jóhannes Elvarsson, Flúðaskóla, 6 v.
2. Loftur Þorsteinnsson, Flúðaskóla, 5 v.
3. Fannar Kristinsson, Flúðaskóla, 4 v.

5.-7. bekkur

1. Óskar Vilhelm Birgisson, Barnaskólanum Eyrarbakka og Stokkseyri, 6 v.
2. Helgi Fannar Oddsson, Flúðaskóla, 5 v.
3. Magnús Tryggvi Birgisson, Vallaskóla 5 v.

8.-10. bekkur

1. Sæþór Ingi Sæmundsson, Grunnskóla Vestmannaeyja, 6 v.
2. Unnsteinn Magni Arnarsson, Reykholtsskóla, 4,5 v.
3. Kristinn Guðni Maríasson, Vallaskóla, 4 v.

Vel heppnað badmintonmót HSK

Unglingamót HSK í badminton var haldið í Hveragerði laugardaginn 20. apríl sl. og heppnaðist mjög vel að sögn mótshaldara.

Alls tóku 20 keppendur þátt í mótinu, 16 frá Hamri og 4 frá Dímon. Það var mikil og góð stemning á mótinu enda langt

síðan að HSK-mót var haldið í badminton. Íþróttafélagið Hamar endaði sem sigurvegari í stigakeppni mótsins með 75 stig og fékk Dímon 9 stig. Hamar fékk því afhentan nýjan farandsbikar í lok mótsins sem Orkan í Hveragerði er gefandi að. HSK



Hátt í 80 keppendur á borðtennismóti HSK

HSK-mótið í borðtennis var haldið þann 25. apríl sl. í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli, en mótið hefur verið haldið nær árlega frá árinu 1975. Alls tóku 77 keppendur frá fjórum félögum þátt og var hörkukeppni í öllum flokkum. Í tilkynningu frá HSK segir að keppendur hafi staðið sig einstaklega vel og að mótið hafi heppnast vel í alla staði.

Keppt var um HSK meistaratitil í 12 flokkum. Garpur

vann stigakeppni félaga með 96,5 stig og fjóra HSK titla. Þetta er í annað sinn í sögu keppinnar sem Garpur vinnur, en félagið vann einnig árið 2002. Dímon, sem hefur unnið stigakeppni mótsins í 20 skipti í röð frá árinu 2003, varð í öðru sæti með 74,5 stig og fjóra HSK titla, Selyssingar urðu í þriðja með 50 stig og fjóra HSK titla og Gnúpverjar fengu 6 stig.



heildarlausnir í prentun



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Limmiðar



Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast

Erum 4ja manna fjölskylda.
Vantar 4 herbergja íbúð sem
fyrst, í langtímaleigu. Erum með
innikött. Skilvisum greiðslum
heitið. Sími 788 5344.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELOpin fimmtudaginn
2. maí kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 2. maí kl. 14:45
Þorbjörn Sigurðsson með
frásögn af íbúum og mannlífi
á Landanesinu, utan árFim. 9. maí
Uppstigningardagur
Opið hús fellur niðurFim. 16. maí kl. 14:45
Tónlistarfólkíð Zbigniew
og Theresa skemmta

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýllíðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
4. maí kl. 11-12, gestur
verður Ásmundur Einar
Daðason mennta- og
barnamálaráðherra.
Minum einnig á
spilkvöldinn á mánu-
dögum kl. 19:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Messur og sunnudagaskóli í
Selfosskirkju. Laugardagurinn 4.
maí - Fermingarmessur kl. 11 og
14. Sunnudagurinn 5. maí -
Fermingarmessa og sunnu-
dagaskóli kl. 11. Verið hjartan-
lega velkomin til góðra og gef-
andi stunda í Selfosskirkju.

Hveragerðiskirkja

Fermingarmessa kl. 11. Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar,
Kirkjukór Hveragerðis - og
Kotstrandarsókna leiðir sálma-
söng og organisti er Miklós
Dalmay.

Hrunaprestakall

Útvarpsmessa á rás 1 sunnu-
daginn 5. maí kl. 11. Kirkjukórar
prestakallsins syngja undir stjórn
organistanna Eyrúnar
Jónasdóttur og Þorbjargar
Jóhannsdóttur. Leggið endilega
við hlustir! Sóknarprestur.

Hrunakirkja

Kvöldguðsþjónusta sunnudag-
inn 5. maí kl. 20. Söngur undir
stjórn Eyrúnar Jónasdóttur org-
anista. Verið öll velkomin!

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40B
Sunnudagar: Samkoma, sunnu-
dagaskóli og kaffiveitingar kl.
11:00. English translation avail-
able. Mánudagar: Bæn og
lestur kl. 17. Fimmtudagar: 6-9
ára starf kl 17:15. Laugardagar:
10-12 ára starf kl. 15-16. Allir
innilega velkominir.

ÍPRÓTTIR



Grunnskóli / 8/11 til 12 maí

Laugardagur

10:00-13:00

12:30-13:40

Sunnudagur

10:00-12:00

12:30-13:40

Á námskeiðinu verður yfir helstu stöður og hugtök
í Brasilíska Ju Jitsu með það að markmiði
að veita nemendum
Grunnskóling á tækni íþróttinniSkráning fer
fram á
berserkirbjj@gmail.com
eða
berserserkirbjj.is

TIL LEIGU



Hjólhýsi til útleigu

Hef til útleigu T@B Dropa hjól-
hýsi, 2 manna. Öll tól og tæki
fylgja í leigunni m.a. gas. Vagninn
er staðsettur á Selfossi. Sími
699 5407 (Guðjón).Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við
andlát og útför elskulegrar eiginkonu
minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,BERGÞÓRU GUÐBERGSDÓTTUR,
Forsæti í Flóa,

Ólafur Sigurjónsson

Björn Viðar Björnsson Guðbergur Björnsson
Sigurjón Ólafsson Ágúst Valgarð Ólafsson
Þórbergur Hrafn Ólafsson
tengdadætur, barnabörn og barnabarnabörnJóhann Ásgrímur nýr
þjónustustjóri VÍS á SuðurlandiJóhann Ásgrímur hefur tekið
J við stöðu þjónustustjóra VÍS
á Suðurlandi. Jóhann er við-
skiptafræðingur og með MBA
gráðu frá Háskóla Íslands.
Hann hefur yfir 20 ára reynslu
úr fjármálagæiranum og starfaði
meðal annars hjá Arion Banka
og Landsbankanum. Jóhann er
uppalinn í Reykhúsum í Eyja-
fjarðarsveit en hefur búið á Sel-
fossi í 12 ár ásamt eiginkonu og
þremur börnum.„Ég er fullur tilhlökkunar að
takast á við þau spennandi verk-
efni sem framundan eru hjá VÍS
á Suðurlandi, hef búið hér lengi
og þekki því fólkíð vel. Ég er
alinn upp í sveit og sú reynsla
og þekking sem ég bý að kemur
sér vel enda fjölmargir bændur
í viðskiptum við VÍS,“ segir Jó-
hann.

Þjónustuskristofa VÍS er

staðsett á Selfossi, Austurvegi
10, og er opin alla morgna frá kl.
9:00 til kl. 16:00 nema á föstu-
dögum þegar lokar kl. 15:00.„Við tökum vel á móti öllum
og erum hér fyrir þig ef þig
vantar einhverja aðstoð með
tryggingarnar. Hér er alltaf heitt
á könnunni.“Hægt er að ná tali af Jóhanni
í síma 560 5116 eða johannp@
vis.is.

Okkar orlof í takt við tímann

Enn og ný getum við haldið
E orlof húsmæðra í Árnes-
og Rangárvallasýslu sem er
mikið gleðiefni því okkar orlof
er sannarlega í takt við tímann.
Frá 1976 hefur húsmæðraorlof
okkar verið með sama sniði,
aldrei farið í utanlandsferðir,
heldur alltaf samvera ýmist í
skólum eða hótélum og oftast
hér í heimabygðum sem þá
styrkir innviði þeirra.Dagana 22.-26. septem-
ber næstkomandi verðum við
eins og síðustu ár á Hótel Örk
í Hveragerði þar sem aðstaðan
er til fyrirmyndar; gott aðgengi,
lyfta, margir salir til afnota,
sundlaug, gufubað og heitir
pottar. Á hótelið þakkar skildar
fyrir gott samstarf og góðan
viðurgjörning. Ekki spillir fyrirað Hveragerði er falletgur bær til
gönguferða og öll nauðsynleg
þjónusta þar til staðar.Í orlofinu er skipulögð dag-
skrá alla dagana, stólajóga
á morgnana og bingó, fyrir-
lestur eða annað skemmtilegt á
kvöldin. Þess utan geta konur
slakað á eða notið samverunnar
í þrjónaskap, spjalli og söng.
Einn dag er alltaf farið í dags-
ferð með rútu og áhugaverðir
staðir skoðaðir. Orlofið hefur
alltaf verið vel sótt, mættu 88
konur í fyrra, og almenn ánægja
með það og er von okkar og trú
að konur fái að njóta þess áfram
um ókomin ár.F.h. Orlofsnefnda Árnes- og
Rangárvallasýslu,
Arndís Fannberg ritari

„Nú langar mig að vera memm“

Vala Hauksdóttir, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands, hlaut Ljódstaf Jóns úr vör árið 2024 fyrir ljóð sitt Verk að finna. Stafurinn, ásamt verðlaunafé, var afhentur Völu á fæðingardegi Jóns, þann 21. janúar sl.

Ljódstafur Jóns úr vör er ljóðasamkeppni á vegum Lista- og menningarráðs Kópavogs og Ritlistarhóps Kópavogs sem stofnað var til árið 2001. Er Ljódstafurinn veittur einu skáldi að lokinni samkeppni þar sem öllum er frjálst að senda inn frumsamin ljóð á íslensku, undir dulnefni, og með þeim hætti spila yngri og reyndari skáld jafnan leik.

Vala er 32 ára, en hún fæddist á Húsavík árið 1992. „Ég var krakki á Hvanneyri, unglíngur á Selfossi og eftir nokkurra ára flakk er ég aftur sest að á Selfossi, nú með eiginmann, tvö börn, tvo ketti og hund. Ég er ferðamálafræðingur og vinn sem verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands í 80% stöðu meðfram meistaranámi í Ritlist við Háskóla Íslands,“ segir Vala í samtali við blaðamann Dagskrárinnar.

„Mig grunaði aldrei að ljóðin mín ættu erindi inn í bókmenntaheiminn“

Vala segist alltaf hafa haft gaman af orðum. „Þegar ég var barn var mér stundum strítt fyrir að tala fullorðinslega og reyndar er ennþá stundum gert góðlátlegt grín að málfarinu mínu. Ég er eiginlega jafn góð í riti eins og ég er léleg í ræðu. En ég held ég hafi tekið mínum eigin skáldskap sem dálítið sjálföögðum hlut. Það er að segja, ég hef alltaf átt auðvelt með að skrifa en mig grunaði aldrei að ljóðin mín ættu erindi inn í bókmenntaheiminn.“

Myndmálið segir meira en orðin ber

Aðspurð um sína túlkun á Verk að finna segir Vala: „Ég hef ekkert gaman af ljóðum sem eru of dulræn og leggja fyrir okkur gátur sem aðeins bókmenntafræðingar geta leyst. Hins vegar tel ég að það sé merki um gott ljóð þegar það hreyfir

við ólíku fólki á ólíkan hátt. Þannig getur myndmálið sagt miklu meira en orðin ber. Myndmálið í þessu ljóði eru fyrst og fremst upplifanir af smávægilegum sársauka sem býr samt yfir einhverri fegurð. Að meiða sig við útsaum, við garðyrkju, berfætt í fjörunni eða við að detta af hestbaki í mjúkt lyng, eru fallegar tilfinningar.

Vikurnar þéttbókaðar af misgáfulegum loforðum

„Sælan er skortur á öllu nema tíma til verkja,“ er áhugaverð setning úr ljóðinu sem blaðamanni lék forvitni á að vita hvaða skilaboðum eða tilfinningu Vala vildi miðla til lesenda. „Það er fyndið hvað það er hægt að skrifa mikið útrá einni ljóðlínu en þetta er í raun kjarni ljóðsins. Hversu oft á dag meiðum við okkur dálítið líkamlega eða andlega? Hversu oft megum við vera að því að stoppa um leið og þessi verkur mætir okkur? Ég er reyndar klaufskari en fólk er flest og í lok dags er ég með marbletti og skrámur sem ég man ekkert eftir að hafa fengið yfir daginn. Og stundum þegar ég leggst á koddann er mér eitthvað illt í sálinni en ég hef verið svo upptekin að ég veit ekki hvað veldur þessum ónotum. Ef við værum ekki alltaf á þönum, með vikurnar okkar þéttbókaðar af misgáfulegum loforðum og heimilin uppfull af drasli sem við höfum ekki tíma til að njóta, þá held ég að við værum sælli. Þá gætum við mætt þessum litlu daglegu skrámur, leyft verkjunum að koma og fara og haldið áfram að vera sæl. Hamingjan kemur svo með endurtekingunni og hlutgerist í sigginu.“

Ný hætt að flissa

Aðspurð um hvaða þýðingu verðlaunin hafi haft fyrir hana segir Vala Ljódstafinn hafa gefið sér kjark, trú á sjálfa sig og spark í rassinn. „Ég tók við þessum heiðri í janúar og það hefur tekið mig fram á vor að hætta að flissa eins og unglíngur í hvert sinn sem ég heyri orðið skáld notað um mig. Ég var eflaust alltaf skáld, það bara vissi það enginn, síst af öllum ég.“

„Ég er farin að lesa ljóð á aðeins annan



Vala Hauksdóttir. Ljósmynd: Leifur Wilberg Orrason.

hátt en ég gerði áður en ég hlaut Ljódstafinn. Ég þæli minna í myndmáli ljóðanna og skoða frekar ákvarðanir sem ljóðskáldin hafa tekið um línuskipti, greinarmerki og þess háttar. Ég svoleiðis spæni í gegn um ljóðabækur þessa dagana með gleraugum vísindamannsins,“ segir Vala.

Hugsar varla um annað en ljóð

„Áður en ég vann Ljódstaf Jóns úr Vör óraði mig ekki fyrir því hvað það er gaman að vera ljóðskáld. Þetta var bara eitthvað sem lá vel fyrir mér en ég stefndi ekki beinlínis á. Þegar ég hóf nám í Ritlist sá ég fyrir mér smásagnaskrif, barnabækur og skáldsögur en núna hugsa ég varla um annað en ljóð! Það er líflægur félagsskapur í kring um ljóðaheiminn sem ég vissi hreinlega ekki af og nú

langar mig að vera memm. Ég er búin að lofa sjálfri mér að gefa út ljóðabók áður en ég hverfi aftur inn fyrir notalega veggju skúffunnar,“ bætir Vala við.

Þegar Vala er spurð hvert stefnan sé tekin segist hún svo lánsöm að fá að stunda nám í ritlist meðfram vinnu. „Og ég ætla að njóta þess að læra af þeim bestu næstu misseri. Þetta nám hefur þegar gefið mér mikið, bæði vikkad hugarheiminn og tenglsanetið, kynnt fyrir mér möguleika ritlistarinnar og ekki síst veitt mér agaðri vinnubrögð. Ég elska að læra og ég elska líka starfið mitt hjá Markaðsstofu Suðurlands og þess vegna er stefnan ekki tekin lengra í bili. Ég er mjög sæl þó ég mætti stundum hægja á og gefa mér tíma til verkja,“ segir Vala kímín að lokum. HGL

Verk að finna

Hrífuskafstflís
í hengibrúnni milli bendifingurs
og þumals.

Útsaumsnál
undir baugfingursnög.

Skeljasandur
í hælseri.

Hrossafælir
sem skýst með þyt undan þúfu

fall

að missa andann –
sortna fyrir augum
í lyngi.

Sælan er skortur
á öllu nema tíma
til verkja.

Hamingjan
er sigg.

Vala Hauksdóttir



Elísabet Sveinsdóttir, formaður lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogsbæjar, Vala Hauksdóttir, handhafi Ljódstafs Jóns úr Vör ásamt Elísabetu Dröfn Kristjánsdóttur sem hlaut önnur verðlaun fyrir ljóðið Skyggishnignun og Rakel Leifsdóttur sem tók á móti verðlaunum fyrir systur sína, Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur, sem hlaut þriðju verðlaun fyrir ljóðið Deig. Ljósmynd: Leifur Wilberg Orrason.



8

Mynd: Dagskráin/HGL

Í fyrsta sinn á Stóra sviði Borgarleikhússins

Nemendasýning Dansakademíunnar var haldin hátíðlega síðastliðinn laugardag, þann 28. apríl, nú í fyrsta sinn á Stóra sviði Borgarleikhússins. Sýningin var þriðja nemendasýning dansskólans sem var stofnaður árið 2021, en áður voru sýningar haldnar í íþróttahúsi Sunnulækjarskóla.

Þema sýningarinnar var sirkús og fengu nemendur margvísleg hlutverk til að túlka og tjá í gegnum listdansformið, allt frá krúttlegum sirkúsdýrum yfir í sokkabróðuleikara og sterkustu krakka Íslands. Dansgleði og hamingja skein úr hverju andliti á Stóra sviðinu og það leyndi sér ekki hve mikil vinna var lögð í að gera upplifunina sem skemmtilegasta, bæði fyrir dansara og áhorfendur og sátu ófáir áhorfendur í salnum með augun full af tárnum á sýningunni sem á allan hátt mætti fullyrða að hafi verið stórbrotin.

210 nemendur um allt Suðurland

Stjórnendur Dansakademíunnar, systurnar Ástrós og Gerður Guðjónsdóttir, hafa unnið hörðum höndum síðustu ár að fjölgun tækifærum fyrir sunnlenska krakka í sviðslistum og var þessi sýning stórt skref í áttina að þeirra markmiði. „Okkur þykir afar dýrmætt að geta veitt nemendum okkar sambærilegt dansnám og tækifæri við það sem er í boði á landsvísi. Nemendur Dansakademíunnar eru nú um 210 talsins og koma frá Árborg, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hellu, Laugarvatni og víða annars staðar. Allir deila nemendurnir sameiginlegum áhuga á danslistinni, sama hvaðan þau koma, og hafa skapast falleg vínátubönd innan veggja Dansakademíunnar. Það eitt og sér er einstaklega dýrmætt burtséð frá því hvað krakkarnir eru flinkir og flottir í dansinum,“ segja systurnar í samtali við Dagskrána.

Á döfinni hjá Dansakademíunni eru þrjú spennandi sviðslistanámskeið í leiklist, acro- og jazzdansi, í maí og júní. „Þar geta áhugasamir krakkar fengið smjörþefinn af starfsemi skólans á stuttum tveggja vikna námskeiðum. Í júní mun svo Afreks hópur Dansakademíunnar halda út í æfinga- og keppnisferð á heimsmeistaramótið í listdansi í Prague, Dance World Cup,“ bæta þær við, en hægt verður að fylgjast með ævintýrinu á Instagram reikningi þeirra: @teamdansakademian.

Það er bersýnilegt hve margir ungir og efnilegir dansarar eru hér á Suðurlandi og framtíðin er augljóslega björt og spennandi hjá Dansakademíunni.

Að lokum vilja Ástrós og Gerður koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem komu að nemendasýningunni, starfsfólki, nemendum og foreldrum.

**PÚLSINN**

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**Bílasprautun- / Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**Bilverk BA**Þar sem
lagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is**DAGSKRÁIN**
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDSViltu vekja athygli
á Suðurlandi?Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

BRAGA AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800
LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HP

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolin.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HSH
Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

HSH

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980